

Hlaupið í Teigadalsjökli í Svarfaðardal 1971

HELGI HALLGRÍMSSON,
NÁTTÚRUGRIPASAFNIÐ Á AKUREYRI

ABSTRACT

Late May 1971 a small valley glacier, Teigadalsjökull, in Svarfadardalur, Northern-Iceland bursted and rushed 100 to 150 m forward. The glacier is 1 km long, 500 m wide and extends from the bottom of Teigadalur at 900 m altitude down to 740 m a. s. l. The article describes the glacier two months after the burst, which seems to have taken place very suddenly, possibly lasting only several minutes.

Svo má segja, að jöklar í fjallgarðinum milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar séu óteljandi, þótt flestir séu þeir smávaxnir miðað við hina stóru bræður í suðri. Á utanverðum Tröllaskaga má finna smájöklar í flestum dalbotnum og skálum, ef botn þeirra liggar um eða yfir 800 m hað. Sumir þessara jöklar eru þaktir grjóturð og mjög grjótblandaðir og eru því sannkallaðir grjótjöklar (rock glaciers). Eru þeir að sjálfssögðu lítt áberandi í landslaginu, og oft erfitt að greina þá frá gömlum jökullegum, enda eru þeir yfirleitt ekki merktir á kortum.

Í öllum dalskorunum, sem ganga suður úr Svarfaðardal innanverðum, má finna dálitla

jöklar innst í dalbotnunum. Þessi jökulkrili láta að öllum jafnaði lítið yfir sér og eru naumast þekkjanleg frá fönnunum umhverfis, enda hefur hinum dönsku herforingjum ekki dottið í hug að setja þá á kort. Það vakti því töliverða athygli, þegar það fréttist snemma á síðastliðnu sumri, að einn þessara smájöklar, jökullinn í Teigadal, hefði hlaupið, enda fylgdi það sögurnni, að jökulstykkir væru fyllilega á borð við það, sem gerist í meðalstóru Skeiðarárhlaupi.

Rétt fyrir hvítasunnuna, þann 28. (eða 29.) maímaðar 1971, tók fólk ið á bæjunum Melum og Urðum eftir óvenjulegum lit á vatninu í Teigaránni, en vatni er veitt úr á þessari í heimaráfstöð á Melum, og fellur það í stokkum í gegnum túnið rétt við bæinn. Vatnið í Teigaránni var allt í einu orðið rauðgult á litinn og ákaflega leirblandið, en vöxtur var þó ekki mikill í ánni fram yfir það, sem venjulegt er í vorhlákum.

Undanfarna daga hafði verið fremur svalt í veðri, þótt maímaður væri annars hlýr. Dagna 25.—26. var slydduhríð og töliverð úrkoma. Þann 28. snérist til sunnanáttar og hlýnaði og

Mynd 1. Þverskurðarmynd af Teigadalsjökli. Hugsanleg lögun jöklusins fyrir hlaupið er sýnd með brotinni línu. Jökullinn er um 1 km á lengd og um 500 m á breidd.

Fig. 1. A schematic transection of Teigadalsjökull. The probable position of the glacier before the surge is indicated by a broken line. The glacier is about 1 km long and about 500 m wide.

